Deloitte
& Touche

# Hafnarfjarðarbær.

Ársreikningur 2002

Hafnarfjarðarbær.
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

kt. 590169-7579

Deloitte
Touche
Tohmatsu

# Hafnarfjarðarbær.

Ársreikningur 2002

Efnisyfirlit.


| | |
|---|---|
| Skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra | 2 |
| Áritun endurskoðenda | 3 |
| Rekstrarreikningur. | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5-6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Heildaryfirlit yfir rekstur | 8 |
| Skýringar | 9-20 |

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikning, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Helsta breyting á reikningsskilum sveitarfélagsins snýr að nýrri skipan rekstrareininga þess, en starfseminni er nú skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhaglega sjálfstæðar einingar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu kr. 6.323 millj. Samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum á fjárhæð kr. 6.326 millj. Rekstrartekjur A hluta námu kr. 5.690 millj., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð kr. 5.667 millj. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,32% vegna íbúðahúsnæðis og 1,628% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,62% og 1,65% að teknu tilliti til 25% álags. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um kr. 624 millj. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir kr. 416 millj. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um kr. 460 millj. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð kr. 298 millj. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam kr. 4.069 millj. Samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta kr. 1.349 millj.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls kr. 3.221 millj. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 928 stöðugildum.
Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu kr. 14,5 millj. á árinu 2002.

Íbúafjöldi Hafnarfjarðar 1. desember 2002 var 20.675 og fjölgaði um 452 frá fyrra ári eða um 2,23%.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Hafnarfirði, 30. apríl 2003

Lúðvík Geirsson
bæjarstjóri

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar

Hafnarfirði, 2/6 2003

# Áritun endurskoðenda

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins, B hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, heildaryfirlit yfir rekstur, efnahagsyfirlit og skýringar nr. 1 - 24. Ársreikningurinn er lagður fram af Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hafnarfjarðarbæjar á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002, og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sveitarfélaga á Íslandi.

Reykjavík, 30. apríl 2003

**Deloitte & Touche hf.**

Birkir Leósson
löggiltur endurskoðandi

Helgi Númason
löggiltur endurskoðandi

# Áritun kjörinna skoðunarmanna Hafnarfjarðarbæjar

Við undirritaðir skoðunarmenn Hafnarfjarðarbæjar höfum yfirfarið ársreikning Hafnarfjarðarbæjar.

Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Hafnarfirði 30. apríl 2003

Gunnar Hjaltalín

Þorgils Ámundason

# Rekstrarreikningur ársins 2002

| | Skýr. | Sjóðir í A - hluta 2002 | Sjóðir í A - hluta Áætlun | Sjóðir í B - hluta 2002 | Sjóðir í B - hluta Áætlun | Samantekið 2002 | Samantekið Áætlun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | 4 | | | | | | |
| Skatttekjur þ.m.t. framlag Jöfnunarsjóðs | | 5.009.230 | 4.996.443 | 0 | 0 | 5.009.230 | 4.996.443 |
| Ýmsar tekjur | | 680.546 | 671.040 | 633.553 | 659.216 | 1.314.099 | 1.330.256 |
| | | 5.689.777 | 5.667.483 | 633.553 | 659.216 | 6.323.329 | 6.326.699 |
| **Gjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 5 | 3.114.546 | 2.862.646 | 106.689 | 100.317 | 3.221.235 | 2.962.963 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 2.553.396 | 2.485.674 | 201.635 | 152.602 | 2.755.031 | 2.638.276 |
| | | 5.667.942 | 5.348.320 | 308.324 | 252.919 | 5.976.265 | 5.601.239 |
| Afskriftir | 7 | 274.880 | 245.289 | 145.621 | 166.542 | 420.500 | 411.831 |
| | | 5.942.821 | 5.593.609 | 453.944 | 419.461 | 6.396.766 | 6.013.070 |
| **Aðrar tekjur og gjöld** | | | | | | | |
| Óvenjulegir liðir | 6 | 62.888 | 61.500 | 25.382 | 0 | 88.270 | 61.500 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir vexti** | | (315.932) | 12.374 | 154.227 | 239.755 | (161.706) | 252.129 |
| Vaxtatekjur og (vaxtagjöld) | | 776.500 | 286.015 | 9.103 | (122.015) | 785.603 | 164.000 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)** | | 460.568 | 298.389 | 163.329 | 117.740 | 623.897 | 416.129 |



Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | Sjóðir í A - hluta 2002 | Sjóðir í A - hluta 2001 | Sjóðir í B - hluta 2002 | Sjóðir í B - hluta 2001 | Samantekið 2002 | Samantekið 2001 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | 3,7,8 | | | | | | |
| Fasteignir | | 6.792.208 | 7.254.991 | 4.997.366 | 5.974.347 | 11.789.574 | 13.229.338 |
| Veitu- og gatnakerfi | | 402.406 | 0 | 1.034.037 | 0 | 1.436.443 | 0 |
| Holræsakerfi | | 0 | 0 | 479.823 | 0 | 479.823 | 0 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 44.215 | 0 | 68.986 | 0 | 113.200 | 0 |
| | | 7.238.829 | 7.254.991 | 6.580.212 | 5.974.347 | 13.819.041 | 13.229.338 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | | | | | |
| Eignarhlutar í félögum | 3,9 | 2.368.510 | 2.346.350 | 350 | 350 | 2.368.860 | 2.346.700 |
| Langtímakröfur | 3 | 519.705 | 670.337 | 60.968 | 34.621 | 580.673 | 704.958 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 656.210 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir | | (454.873) | (124.173) | 0 | 0 | (256.251) | (124.173) |
| | | 3.089.552 | 2.892.514 | 61.318 | 34.971 | 2.693.282 | 2.927.485 |
| **Fastafjármunir** | | 10.328.381 | 10.147.505 | 6.641.530 | 6.009.318 | 16.512.323 | 16.156.823 |
| **Veltufjármunir** | 3 | | | | | | |
| **Vörubirgðir** | | | | | | | |
| Rekstrarvörur | | 6.636 | 6.636 | 1.500 | 0 | 8.136 | 6.636 |
| **Skammtímakröfur** | | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | | 771.348 | 601.741 | 0 | 0 | 771.348 | 601.741 |
| Skammtímakröfur | | 81.879 | 131.644 | 68.067 | 73.064 | 149.946 | 204.708 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 7.171 | 1.531 | 87.900 | (1.531) | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | | 454.873 | 124.173 | 0 | 0 | 256.251 | 124.173 |
| | | 1.315.270 | 859.089 | 155.967 | 71.533 | 1.185.680 | 937.258 |
| **Handbært fé** | | | | | | | |
| Bankainnstæður | | 10.380 | 8.097 | 36.005 | 35.772 | 46.384 | 43.869 |
| | | 10.380 | 8.097 | 36.005 | 35.772 | 46.384 | 43.869 |
| **Veltufjármunir** | | 1.332.285 | 873.822 | 193.472 | 107.305 | 1.232.064 | 981.127 |
| **Eignir** | | 11.660.666 | 11.021.327 | 6.835.002 | 6.116.623 | 17.744.387 | 17.137.950 |



Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# 31. desember 2002

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | Sjóðir í A - hluta 2002 | Sjóðir í A - hluta 2001 | Sjóðir í B - hluta 2002 | Sjóðir í B - hluta 2001 | Samantekið 2002 | Samantekið 2001 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 12 | | | | | | |
| Eigið fé | | 1.348.549 | 770.729 | 2.720.824 | 2.572.976 | 4.069.373 | 3.343.705 |
| **Eigið fé** | | 1.348.549 | 770.729 | 2.720.824 | 2.572.976 | 4.069.373 | 3.343.705 |
| **Skuldbindingar** | | | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 1.809.802 | 1.549.570 | 97.217 | 83.576 | 1.907.019 | 1.633.146 |
| **Langtímaskuldir** | 14,15 | | | | | | |
| Aðrar langtímaskuldir | | 7.666.226 | 8.082.440 | 3.301.760 | 3.415.392 | 10.967.986 | 11.497.832 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 0 | 0 | 656.210 | 0 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir | | (442.874) | (437.427) | (13.296) | (12.972) | (456.170) | (450.399) |
| | | 7.223.352 | 7.645.013 | 3.944.674 | 3.402.420 | 12.418.835 | 12.680.579 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 140.313 | 14.863 | 0 | 0 | 140.313 | 14.863 |
| Viðskiptaskuldir | | 604.826 | 515.278 | 14.680 | 54.703 | 619.506 | 569.981 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 87.900 | 0 | 7.171 | (10.024) | 0 | (10.024) |
| Aðrar skammtímaskuldir | 3 | 3.050 | 88.447 | 37.141 | 0 | 40.191 | 88.447 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | | 442.874 | 437.427 | 13.296 | 12.972 | 456.170 | 450.399 |
| | | 1.278.963 | 1.056.015 | 72.287 | 57.651 | 1.256.179 | 1.113.666 |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | 10.312.117 | 10.250.598 | 4.114.178 | 3.543.647 | 13.675.014 | 13.794.245 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 11.660.666 | 11.021.327 | 6.835.002 | 6.116.623 | 17.744.387 | 17.137.950 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2002

| | Sjóðir í A - hluta | | Sjóðir í B - hluta | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | **2002** | **Áætlun** | **2002** | **Áætlun** | **2002** | **Áætlun** |
| Niðurstaða ársins | 460.568 | 339.989 | 163.329 | 117.740 | 623.897 | 457.729 |
| Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | | 0 | |
| Reiknaðar afskriftir | 274.880 | 224.320 | 145.621 | 166.542 | 420.501 | 390.862 |
| Verðbætur og gengismunur | (865.796) | (477.391) | (110.131) | (30.827) | (975.927) | (508.218) |
| (Söluhagnaður) / tap fastafjármuna | 23.335 | (2.299) | 722 | 0 | 24.057 | (2.299) |
| Framlög frá eigin sjóðum | 82.260 | 0 | (72.236) | (22.745) | 10.024 | (22.745) |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingum | 150.756 | 61.234 | 9.310 | 0 | 160.066 | 61.234 |
| **Veltufé (til) frá rekstri** | 126.003 | 145.853 | 136.615 | 230.710 | 262.618 | 376.563 |
| Breytingar á skammtímaliðum: | | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | 0 | 0 | (1.500) | 0 | (1.500) | 0 |
| Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) | (169.607) | 0 | 0 | 0 | (169.607) | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | 49.765 | (5.700) | 4.997 | 0 | 54.762 | (5.700) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 10.592 | (22.000) | (2.882) | 0 | 7.710 | (22.000) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | 16.753 | 118.153 | 137.230 | 230.710 | 153.983 | 348.863 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | (837.279) | (745.752) | (191.106) | (162.500) | (1.028.385) | (908.252) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | 41.227 | 43.000 | 95.108 | 0 | 136.335 | 43.000 |
| Eignarhlutir í félögum, breyting | (53.558) | 0 | 0 | 0 | (53.558) | 0 |
| Langtímakröfur, breyting | 150.632 | 167.713 | (26.347) | 0 | 124.285 | 167.713 |
| Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting | 0 | 36.230 | 0 | 0 | 0 | 36.230 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | (698.978) | (498.809) | (122.345) | (162.500) | (821.323) | (661.309) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | |
| Framlög frá eigin fyrirtækjum | 0 | 0 | (15.481) | 12.745 | (15.481) | 12.745 |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting | 0 | 52.466 | 0 | (52.466) | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán | 1.004.349 | 960.000 | 80.576 | 45.000 | 1.084.925 | 1.005.000 |
| Afborganir langtímalána | (409.339) | (437.000) | (76.531) | (39.800) | (485.870) | (476.800) |
| Afborganir lífeyrisskuldbindinga | (35.952) | (35.000) | (3.216) | 0 | (39.168) | (35.000) |
| Skammtímalán, breyting | 125.450 | 0 | 0 | 0 | 125.450 | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | 684.508 | 540.466 | (14.652) | (34.521) | 669.856 | 505.945 |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | 2.283 | 159.810 | 233 | 33.689 | 2.516 | 193.499 |
| **Handbært fé í upphafi árs** | 8.097 | 8.097 | 35.772 | 35.773 | 43.869 | 43.870 |
| **Handbært fé í lok árs** | 10.380 | 167.907 | 36.005 | 69.462 | 46.385 | 237.369 |



Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Heildaryfirlit rekstrar ársins 2002

| Aðalsjóður | Rekstrar-niðurstaða | Áætlun | Frávik | Tekjur samtals | Skatt-tekjur | Aðrar tekjur | Rekstrar-gjöld samtals | Laun og launatengd gjöld | Annar rekstrar-kostnaður | Húsaleiga | Afskriftir | Fjármagns-liðir nettó | Framlög og styrkir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 00 - Skatttekjur | 5.009.230 | 4.996.443 | 12.787 | 5.009.230 | 5.009.230 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 02 - Félagsþjónusta | (380.537) | (360.609) | (19.928) | (13.430) | 0 | (13.430) | 367.108 | 127.838 | 87.193 | 2.808 | 0 | 51 | 149.218 |
| 03 - Heilbrigðismál | (448) | (3.243) | 2.795 | 0 | 0 | 0 | 448 | 0 | 0 | 240 | 0 | 0 | 208 |
| 04 - Fræðslu- og uppeldismál | (3.012.073) | (2.911.402) | (100.671) | 251.256 | 0 | 251.256 | 3.263.329 | 2.064.586 | 620.713 | 482.212 | 0 | 212 | 95.607 |
| 05 - Menningarmál | (197.121) | (197.078) | (43) | 15.858 | 0 | 15.858 | 212.979 | 78.607 | 55.475 | 43.740 | 0 | 95 | 35.063 |
| 06 - Æskulýðs- og íþróttamál | (550.833) | (522.306) | (28.527) | 214.807 | 0 | 214.807 | 765.640 | 247.275 | 111.017 | 172.944 | 0 | 333 | 234.072 |
| 07 - Brunamál og almannavarnir | (75.490) | (75.780) | 290 | 0 | 0 | 0 | 75.490 | 0 | 0 | 2.772 | 0 | 0 | 72.718 |
| 08 - Hreinlætismál | (100.953) | (85.164) | (15.789) | 49.583 | 0 | 49.583 | 150.536 | 0 | 94.755 | 0 | 0 | 0 | 55.781 |
| 09 - Skipulags- og byggingamál | (144.301) | (143.504) | (797) | 27.793 | 0 | 27.793 | 172.094 | 110.325 | 55.543 | 0 | 0 | 5 | 6.221 |
| 10 - Umferðar- og samgöngumál | (282.283) | (262.422) | (19.861) | 12.753 | 0 | 12.753 | 295.036 | 10.782 | 162.063 | 8.700 | 0 | 0 | 113.491 |
| 11 - Umhverfismál | (110.601) | (104.142) | (6.459) | 10.488 | 0 | 10.488 | 121.089 | 28.940 | 92.029 | 120 | 0 | 0 | 0 |
| 13 - Atvinnumál | (24.289) | (23.746) | (543) | 0 | 0 | 0 | 24.289 | 6.956 | 4.667 | 816 | 0 | 0 | 11.850 |
| 21 - Sameiginlegur kostnaður | (553.316) | (473.003) | (80.313) | 10.759 | 0 | 10.759 | 564.075 | 355.459 | 163.455 | 24.588 | 0 | (5.422) | 25.994 |
| 27 - Óvenjulegir liðir | (62.888) | (61.500) | (1.388) | 0 | 0 | 0 | 62.888 | 0 | 62.888 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals málaflokkar** | (485.903) | (227.456) | (258.447) | 5.589.098 | 5.009.230 | 579.868 | 6.075.001 | 3.030.767 | 1.509.797 | 738.940 | 0 | (4.726) | 800.223 |
| 28 - Vaxtagjöld | (433.703) | (412.114) | (21.589) | 0 | 0 | 0 | 433.703 | 0 | 2.700 | 0 | 0 | 431.003 | 0 |
| Vaxtatekjur | 618.278 | 644.866 | (26.588) | 0 | 0 | 0 | (618.278) | 0 | 0 | 0 | 0 | (618.278) | 0 |
| Gengishagnaður | 1.017.776 | 511.953 | 505.823 | 0 | 0 | 0 | (1.017.776) | 0 | 0 | 0 | 0 | (1.017.776) | 0 |
| | 716.448 | 517.249 | 199.199 | 5.589.098 | 5.009.230 | 579.868 | 4.872.650 | 3.030.767 | 1.512.497 | 738.940 | 0 | (1.209.777) | 800.223 |
| **Þar af innri viðskipti** | 177.527 | 0 | 177.527 | 0 | 0 | 0 | (177.527) | 0 | 0 | (598.992) | 0 | 421.465 | 0 |
| **Aðalsjóður samtals** | 893.975 | 517.249 | 376.726 | 5.589.098 | 5.009.230 | 579.868 | 4.695.124 | 3.030.767 | 1.512.497 | 139.948 | 0 | (788.312) | 800.223 |
| **Aðrir sjóðir í A - hluta** | | | | | | | | | | | | | |
| Eignasjóður Hafnarfjarðar | (187.962) | (164.884) | (23.078) | 639.717 | 0 | 639.717 | 827.678 | 334 | 124.990 | 0 | 270.796 | 431.558 | 0 |
| Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar | (67.919) | (53.976) | (13.943) | 73.802 | 0 | 73.802 | 141.720 | 83.445 | 38.625 | 13.848 | 4.083 | 1.718 | 0 |
| | (255.880) | (218.860) | (37.020) | 713.518 | 0 | 713.518 | 969.399 | 83.779 | 163.615 | 13.848 | 274.880 | 433.277 | 0 |
| **Þar af innri viðskipti A-hluta** | (177.527) | 0 | (177.527) | (612.840) | 0 | (612.840) | (435.313) | 0 | 0 | (13.848) | 0 | (421.465) | 0 |
| **Aðrir sjóðir í A-hluta** | (433.407) | (218.860) | (214.547) | 100.678 | 0 | 100.678 | 534.085 | 83.779 | 163.615 | 0 | 274.880 | 11.811 | 0 |
| **Samantekið fyrir A-hluta** | 460.568 | 298.389 | 162.179 | 5.689.777 | 5.009.230 | 680.546 | 5.229.209 | 3.114.546 | 1.676.112 | 139.948 | 274.880 | (776.500) | 800.223 |
| **Sjóðir í B - hluta** | | | | | | | | | | | | | |
| Fráveita Hafnarfjarðar | 64.284 | 67.886 | (3.602) | 174.324 | 0 | 174.324 | 110.040 | 7.376 | 12.203 | 0 | 46.954 | 43.507 | 0 |
| Hafnarsjóður Hafnarfjarðar | 95.675 | 31.209 | 64.466 | 194.258 | 0 | 194.258 | 98.583 | 56.845 | 87.362 | 0 | 44.441 | (90.064) | 0 |
| Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar | (20.736) | 6.655 | (27.391) | 92.209 | 0 | 92.209 | 112.945 | 16.208 | 76.138 | 0 | 17.803 | 2.796 | 0 |
| Vatnsveita Hafnarfjarðar | 24.105 | 54.200 | (30.095) | 172.761 | 0 | 172.761 | 148.655 | 26.260 | 25.932 | 0 | 36.422 | 60.041 | 0 |
| | 163.329 | 159.950 | 3.379 | 633.553 | 0 | 633.553 | 470.224 | 106.689 | 201.635 | 0 | 145.621 | 16.279 | 0 |
| **Þar af innri viðskipti B-hluta** | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samantekið fyrir B-hluta** | 163.329 | 159.950 | 3.379 | 633.553 | 0 | 633.553 | 470.224 | 106.689 | 201.635 | 0 | 145.621 | 16.279 | 0 |
| **Viðskipti milli A og B-hluta** | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samantekið fyrir A- og B-hluta** | 623.897 | 458.339 | 165.558 | 6.323.329 | 5.009.230 | 1.314.099 | 5.699.432 | 3.221.235 | 1.877.747 | 139.948 | 420.500 | (760.221) | 800.223 |



Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta, sbr. 60. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Fráveita, Hafnarsjóður, Húsnæðisskrifstofa og Vatnsveita.

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2002 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. fyrir A og B hluta.

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2002 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, heildaryfirliti yfir rekstur og sjóðstreymi.

## Breytingar á reikningsskilaaðferðum

2. Framsetningu ársreikningsins á árinu 2002 hefur verið breytt frá fyrri árum og er hann nú í meginatriðum í samræmi við almenn reikningsskil. Þau yfirlit sem áður voru hluti ársreiknings sveitarfélagsins en falla nú út eru, fjármagnsyfirlit, rekstrar- og framkvæmdayfirlit og raunbreyting á peningalegri stöðu. Þau yfirlit sem hefur verið breytt eru efnahagsreikningur og skýringar, en ný yfirlit eru rekstrarreikningur og yfirlit um sjóðstreymi.

Með sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 voru felld úr gildi eldri sveitarstjórnarlög nr. 8/1986 og reglugerð nr. 280/1989. Reglugerð nr. 944/2000 öðlaðist gildi hinn 1. janúar 2001, en sveitarfélögum var heimilt að fara að ákvæðum eldri reglugerðar við gerð fjárhagsáætlunar og ársreiknings fyrir reikningsárið 2001.

Meginbreyting á reikningsskilum sveitarfélagsins felst í því að flestar fasteignir og ýmsir aðrir varanlegir rekstrarfjármunir sem þjónað hafa lögbundnum verkefnum þess eru yfirfærðir í Eignasjóð, sem er sjálfstæð A-hluta rekstrareining. Auk þess er nokkur hluti varanlegra rekstrarfjármuna færður til Þjónustumiðstöðvar og B-hluta fyrirtækja sveitarfélagsins. Varanlegir rekstrarfjármunir eru yfirfærðir á viðmiðunarverði auk endurbóta eða framreiknuðu kostnaðarverði, að teknu tilliti til afskrifta. Árlega eru reiknaðar afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum, en jafnframt er reiknuð innri leiga, sem tekjufærð er hjá Eignasjóði. Leigan er gjaldfærð hjá þeirri rekstrareiningu sem nýtir eignina í rekstri sínum. Markmiðið með þessari breytingu er að gera rekstrarkostnað eignanna sýnilegri og að hver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni tilheyrir. Fasteignir sveitarsjóðs voru áður eignfærðar á fasteignamati og hvorki voru reiknaðar afskriftir af þeim né öðrum varanlegum rekstrarfjármunum sveitarsjóðs.

Samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum voru gatna- og fráveituframkvæmdir, áhöld, tæki og innanstokksmunir færðir undir svonefnda gjaldfærða fjárfestingu, sem fellur út með þessum breyttu reikningsskilaaðferðum. Í ársreikningi 2002 eru þessir liðir ýmist eignfærðir eða gjaldfærðir. Nýbygging gatna og holræsa verða eftirleiðis eignfærð, en viðhald og rekstur þeirra gjaldfært. Áhöld og tæki sem eru að verðmæti undir kr. 500.000 eru gjaldfærð en fjármunir sem eru umfram þá fjárhæð eru eignfærðir.

# Skýringar

Frá 1. janúar 2002 verða nýir eignarhlutir sveitarsjóðs í félögum færðir á kostnaðarverði, en þeir voru áður ýmist færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð, á kostnaðarverði eða framreiknuðu kostnaðarverði. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu sveitarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt.

Auk framangreindra breytinga á reikningsskilaaðferðum er horfið frá verðleiðréttingum í reikningsskilunum. Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar lögum nr. 144/1994 um ársreikninga. Með breytingunum voru verðleiðréttingar laga um tekjuskatt og eignarskatt lagðar af frá og með 1. janúar 2002. Einnig voru afnumin ákvæði laga um ársreikninga, sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er heimilt að færa sérstakt endurmat eigna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í ársreikningi þessum er hvorki reiknuð verðbreytingafærsla né fastafjármunir endurmetnir.

Samanburðartölum í efnahagsreikningi hefur verið breytt til samræmis við framangreindar breytingar, en samanburðartölur í rekstrarreikningi og sjóðstreymi er fjárhagsáætlun ársins.

## Helstu reikningsskilaaðferðir

3. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju sveitarfélaga á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári að öðru leyti en því, sem greint er frá í skýringarlið nr. 2 hér að framan. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð með þeim undantekningum vegna endurmats fastafjármuna sem greint er frá hér á eftir.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækjanna: Fráveitu, Hafnarsjóðs, Húsnæðisskrifstofu og Vatnsveitu. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en öll veruleg viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru ekki meðtalin í honum.

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.
Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.
Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Þjónustutekjur eru tekjufærðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

# Skýringar

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

### Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir sveitarsjóðs eru nú færðir á matsverði sbr. viðmiðun Félagsmálaráðuneyti eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 eru varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 25 til 90 ár |
| Lóðir og lönd vegna skipulags | 25 ár |
| Gatnakerfi | 25 ár |
| Veitukerfi | 10 til 50 ár |
| Aðrar eignir | 3 til 8 ár |

# Skýringar

## Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 eru eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu sveitarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt.

Eignarhlutar B-hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

## Byggðasamlög

Eignarhlutar sveitarsjóðs í byggðasamlögum eru eignfærðir á upphaflegu kostnaðarverði. Byggðasamlög flokkast sem B-hluta félög þó um skylduverkefni sveitarfélaga sé að ræða, enda endurspegla framlög til byggðasamlaganna kostnað sveitarfélagsins í viðkomandi málaflokki.

## Eignir utan efnahags

Lönd og lóðir í eigu Hafnarfjarðarbæjar eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt er vegna skipulags eða lóðaúthlutunar. Framkvæmdir vegna gatnakerfis í eigu bæjarfélagsins, frá því fyrir 1. janúar 2002 er einnig utan efnahagsreiknings.

## Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér framar um niðurfærslu eigna.

## Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

## Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

## Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóð, innstæðum í bönkum og sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

## Skuldbindingar

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikning á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

## Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

## Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Skrá yfir ábyrgðir sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 16.

Sveitarfélagið hefur gert einkaframkvæmdasamninga (rekstrarleigusamninga) um byggingu, leigu og rekstur á alls sjö fasteignum fyrir skóla, leikskóla og æskulýðs- og íþróttastarf. Samningarnir eru allir til um 25 ára og lýkur á tímabilinu 2026 til 2030. Sjá nánar í skýringu nr. 17 um nánari sundurliðun.

## Rekstrartekjur

4. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Áætlun alls |
| | 2002 | 2002 | 2002 | 2002 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útsvör | 3.973.729 | 0 | 3.973.729 | 4.011.605 |
| Fasteignaskattur | 604.799 | 0 | 604.799 | 588.632 |
| | 4.578.528 | 0 | 4.578.528 | 4.600.237 |
| **Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Jöfnunarframlag | 190.574 | 0 | 190.574 | 168.706 |
| Framlag vegna aldraðra | 49.186 | 0 | 49.186 | 40.480 |
| Framlag vegna nýbúa | 9.540 | 0 | 9.540 | 5.520 |
| | 249.300 | 0 | 249.300 | 214.706 |
| **Framleiðslugjald frá Ísal** | | | | |
| Aðrar tekjur með skattígildi | 181.403 | 0 | 181.403 | 181.500 |
| | 181.403 | 0 | 181.403 | 181.500 |
| **Skatttekjur samtals:** | 5.009.230 | 0 | 5.009.230 | 4.996.443 |
| **Aðrar tekjur** | | | | |
| Aðalsjóður | 579.868 | 0 | 579.868 | 0 |
| Eignasjóður | 639.717 | 0 | 639.717 | 619.540 |
| Þjónustumiðstöð | 73.802 | 0 | 73.802 | 51.500 |
| Fráveita | 0 | 174.324 | 174.324 | 173.021 |
| Hafnarsjóður | 0 | 194.258 | 194.258 | 211.550 |
| Húsnæðisskrifstofa | 0 | 92.209 | 92.209 | 80.450 |
| Vatnsveita | 0 | 172.761 | 172.761 | 178.000 |
| Innri viðskipti | (612.840) | 0 | (612.840) | 0 |
| | 680.546 | 633.553 | 1.314.099 | 1.314.061 |

| Álagningarhlutföll | |
|---|---|
| Útsvar | 13,03% |
| Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði | 0,32% |
| Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land | 1,63% |

## Laun og launatengd gjöld

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 2.538.275 | 91.706 | 2.629.981 | 2.534.546 |
| Launatengd gjöld | 461.467 | 14.983 | 476.450 | 433.496 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 114.804 | 0 | 114.804 | 0 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 3.114.546 | 106.689 | 3.221.235 | 2.968.042 |

Stöðugildi að meðaltali 928

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu um 14,5 milljónum króna.

## Óvenjulegir liðir

6. Óvenjulegir liðir samanstanda af uppgjörum, annars vegar við Íbúðarlánasjóð vegna viðbótarlána kr. 16,5 millj. og hins vegar við Íslensku menntasamtökin vegna grunnskólans í Áslandi kr. 46,4 millj.

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

A-hluti:

| | Fasteignir | Veitu-, gatna og holræsak. | Vélar, áhöld, tæki o.fl. | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1. | 10.732.331 | 0 | 22.536 | 10.754.867 |
| Afskrifað áður | 4.138.654 | 0 | 0 | 4.138.654 |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 6.593.677 | 0 | 22.536 | 6.616.213 |
| Viðbót á árinu | 483.829 | 412.724 | 34.106 | 930.660 |
| Selt á árinu | (39.899) | 0 | (1.328) | (41.227) |
| Söluhagnaður (sölutap) | 8.054 | 0 | 10 | 8.063 |
| Afskrifað á árinu | (253.453) | (10.318) | (11.109) | (274.880) |
| Bókfært verð í árslok | 6.792.208 | 402.406 | 44.215 | 7.238.829 |

B-hluti:

| | Fasteignir | Veitu-, gatna og holræsak. | Vélar, áhöld, tæki o.fl. | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1. | 7.750.959 | 2.564.049 | 118.344 | 10.433.352 |
| Afskrifað áður | 2.712.974 | 1.037.908 | 29.179 | 3.780.061 |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 5.037.985 | 1.526.142 | 89.165 | 6.653.292 |
| Leiðrétting frá fyrra ári | 0 | 0 | (17.006) | (17.006) |
| Viðbót á árinu | 121.187 | 61.018 | 3.193 | 185.397 |
| Selt á árinu | (95.107) | 0 | (1) | (95.108) |
| Söluhagnaður (sölutap) | (593) | 0 | (129) | (722) |
| Afskrifað á árinu | (66.106) | (73.299) | (6.237) | (145.642) |
| Bókfært verð í árslok | 4.997.366 | 1.513.860 | 68.986 | 6.580.212 |

8. Fasteignamat og vátryggingamat eigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skólahúsnæði | 2.176.537 | 2.680.931 | 3.284.120 |
| Leikskólahúsnæði | 541.630 | 651.712 | 618.283 |
| Íþróttamannvirki | 997.902 | 1.243.786 | 1.455.660 |
| Þjónustubyggingar | 362.560 | 284.054 | 373.006 |
| Annað húsnæði | 1.263.020 | 1.391.101 | 1.118.283 |
| Hreinsistöð | 31.876 | 18.381 | 217.784 |
| Hafnarmannvirki | 0 | 2.512.000 | 931.789 |
| Lóðir | 270.935 | 0 | 2.003.719 |
| Húsnæðisskrifstofa | 2.063.614 | 2.167.203 | 1.786.930 |
| | 5.341.650 | 6.251.584 | 11.789.574 |

Hvorki liggur fyrir fasteignamat né brunabótamat á Dælustöðvum sem eignfærðar eru hjá Fráveitu.
Unnið er að því að fá ný möt á þær eignir sem hefur verið breytt og / eða endurbættar.

## Eignarhlutar í félögum

9. Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Eignarhlutar í byggðasamlögum: | | | |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðins b.s. | 11,16% | 78.165 | 78.165 |
| Strætó b.s. | 11,23% | 11.230 | 11.230 |
| Sorpa | 11,51% | 59.970 | 59.970 |
| | | 149.365 | 149.365 |
| Eignarhlutar í tengdum félögum: | | | |
| Vatnsveita | 100,00% | 250.000 | 250.000 |
| Háigrandi | 100,00% | 50 | 50 |
| | | 250.050 | 250.050 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum: | | | |
| Hitaveita Suðurnesja | 15,50% | 1.133.000 | 1.591.508 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum: | | | |
| Jarðlind | 6,67% | 16.870 | 16.870 |
| Norðurbakki ehf | 33,33% | 200 | 200 |
| Sprotasjóður | 21,92% | 3.344 | 3.344 |
| Orkuveita Reykjavíkur | 1,00% | 357.173 | 357.173 |
| Atvinnuefling | 100,00% | 350 | 350 |
| | | 377.937 | 377.937 |

## Birgðir

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| 10. Vörubirgðir | 6.636 | 1.500 | 8.136 |

## Skammtímakröfur

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| 11. Niðurfærsla í ársbyrjun | 294.081 | 13.583 | 307.664 |
| Tekjufærð niðurfærsla á árinu | (27.408) | (3.859) | (31.267) |
| | 266.673 | 9.724 | 276.397 |

## Eigið fé

12. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 770.729 | 2.572.976 | 3.343.705 |
| Endurmat fastafjármuna v. breytinga á reikningsskilaaðferðum | 110.813 | 0 | 110.813 |
| Leiðréttingar vegna fyrri ára | 6.439 | (15.481) | (9.042) |
| Leiðrétt eigið fé frá fyrra ári | 887.981 | 2.557.495 | 3.445.476 |
| Hagnaður ársins | 460.568 | 163.329 | 623.897 |
| Eigið fé 31.12 2002 | 1.348.548 | 2.720.824 | 4.069.372 |

## Skuldbindingar

13. Eftirlaunaskuldbinding:

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs | 1.549.570 | 83.576 | 1.633.146 |
| Breyting á árinu | 260.232 | 13.641 | 273.873 |
| | 1.809.802 | 97.217 | 1.907.019 |

## Langtímaskuldir

14. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | | |
| Skuldir í EUR | 2.256.502 | 393.063 | 2.649.565 |
| Skuldir í DKK | 1.129.430 | 0 | 1.129.430 |
| Skuldir í USD | 425.784 | 324.435 | 750.218 |
| Skuldir, karfa | 3.535.407 | 0 | 3.535.407 |
| Skuldir í GBP | 0 | 153.131 | 153.131 |
| Skuldir í JPY | 0 | 97.071 | 97.071 |
| Skuldir í CHF | 0 | 97.988 | 97.988 |
| Skuldir í SEK | 0 | 42.093 | 42.093 |
| Skuldir í CAD | 0 | 31.968 | 31.968 |
| | 7.347.123 | 1.139.749 | 8.486.872 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 319.103 | 2.162.010 | 2.481.113 |
| | 7.666.226 | 3.301.760 | 10.967.986 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (442.874) | (13.296) | (456.170) |
| Langtímaskuldir í árslok | 7.223.352 | 3.288.464 | 10.511.816 |

15. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 442.874 | 48.274 | 491.147 |
| Afborganir 2004 | 465.595 | 49.042 | 514.637 |
| Afborganir 2005 | 423.610 | 49.838 | 473.448 |
| Afborganir 2006 | 343.125 | 50.698 | 393.823 |
| Afborganir 2007 | 267.018 | 51.608 | 318.625 |
| Afborganir síðar | 5.724.004 | 1.912.551 | 7.636.555 |
| | 7.666.226 | 2.162.010 | 9.828.236 |

## Ábyrgðir utan efnahags

16. Sveitarfélagið er í einfaldri ábyrgð fyrir skuldbindingum Sorpu en innbyrðis skiptist ábyrgð sameigenda skv. íbúatölu þeirra 1. desember næstliðins árs.

Á Hafnarfjarðarbæ hvílir ábyrgðarskuldbinding gagnvart þriðja aðila að fjárhæð um kr. 51 millj. í árslok 2002. Þetta er virðisaukaskattskvöð vegna Fjarðargötu 13 -15, aðallega vegna bílageymsluhúss. Þessi ábyrgðarskuldbinding er ekki færð í ársreikninginn.

Hafnarfjarðarbær hefur gert samstarfssamning við Þyrpingu hf. og J&K eignarhaldsfélag ehf. um uppbygginu Norðurbakkasvæðisins við Hafnarfjarðarhöfn. Samkvæmt samningnum skal bæjarsjóður kosta ákveðnar framkvæmdir á svæðinu, svo sem landfyllingu og gerð smábátahafnar eða viðlegukanta.

## Rekstrarleigusamningar

17. Hafnarfjarðarbær hefur gert rekstrarleigusamninga (einkaframkvæmdarsamninga) um byggingu, leigu og rekstur á alls sjö fasteignum undir skóla, leikskóla og æskulýðs- og íþróttastarf. Um er að ræða skólahús Áslandsskóla, leikskólann Tjarnarás, leikskólann Álfastein, íþrótta- og kennslumiðstöð á Bjarkarreit (Bjarkarhús), skólahús og íþróttahús Lækjarskóla og leikskólann Hörðuvelli. Samningarnir eru allir til um það bil 25 ára, og lýkur á tímabilinu 2025 til 2029.

| | Upphaf leigutíma | Nafnverð lágmarksleigugreiðslna 2003 | 2004-07 | Síðar | Núvirði leigugreiðslna |
|---|---|---|---|---|---|
| Áslandsskóli 2/3 hl. | 22/08/01 | 43 | 172 | 828 | 491 |
| Áslandsskóli 1/3 hl. | 01/08/02 | 22 | 86 | 414 | 245 |
| Alls | | 65 | 258 | 1.243 | 736 |
| Leikskólinn Tjarnarás | 20/07/01 | 11 | 43 | 187 | 119 |
| Leikskólinn Álfasteinn | 15/03/01 | 14 | 57 | 255 | 158 |
| Íþrótta- og kennslumiðst. | 15/04/02 | 38 | 153 | 631 | 404 |
| Lækjarskóli 2/3 hl. | 01/08/02 | 89 | 357 | 1.476 | 931 |
| Lækjarskóli 1/3 hl. | 01/08/03 | 19 | 179 | 749 | 445 |
| Alls | | 108 | 536 | 2.225 | 1.376 |
| Lækjarskóli, íþróttahús | 01/08/04 | 0 | 106 | 557 | 290 |
| Leikskólinn Hörðuvellir | 01/05/02 | 12 | 48 | 194 | 125 |
| Samtals | | 248 | 1.202 | 5.291 | 3.209 |

Húsaleigugreiðslur á árinu 2002 námu kr. 108.351.671 vegna skólahúsnæðis og kr. 31.596.020 vegna íþrótta- og kennslumiðstöðvar.

## Önnur mál

18. Sveitarfélagið hefur keypt atvinnurekstrartryggingu og nemur bótafjárhæðin allt að 11,5 milljónum króna.

19. Hafnarfjarðarbær hefur gert fjármögnunarleigusamning um fasteign og fylgifé vegna Strandgötu 33 í Hafnarfirði. Eignir þær sem fjármagnaðar eru með þessum samningi eru ekki eignfærðar og skuldbindingar vegna þeirra ekki uppfærðar í efnahagsreikningi. Um er að ræða bindandi samning og er áhvílandi skuldbinding á bæjarsjóði í lok ársins sem nemur 60.391 þúsund krónum vegna hans.

20. Sveitarfélagið hefur gert fimm samninga um húsaleigu og eru þeir til mislangs tíma. Einn húsaleigusamningur rann út 31. maí 2002, annar gildir til 1. október 2003, þriðji samningurinn gildir til ársins 2005, en tveir til 2008.

# Skýringar

## Kennitölur

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2002 | 2002 | 2002 | Áætlun alls 2002 |
| **21. Í hlutfalli við rekstrartekjur** | | | | |
| Skatttekjur | 88,04% | 0,00% | 79,22% | 78,97% |
| Laun og launatengd gjöld | 54,74% | 16,84% | 50,94% | 46,91% |
| Annar rekstrarkostnaður | 44,88% | 31,83% | 43,57% | 41,70% |
| Rekstargjöld | 105,55% | 75,66% | 102,56% | 96,01% |
| Fjármagnsliðir, nettó | 13,65% | 1,44% | 12,42% | 2,59% |
| Rekstrarniðurstaða | 8,09% | 25,78% | 9,87% | 6,58% |
| Heildarskuldir, án skuldbindinga utan efnahagsr. | 181,24% | 649,38% | 228,14% | 228,02% |
| **22. Í þúsundum króna á íbúa** | | | | |
| Skatttekjur þ.m.t. Jöfnunarsjóður | 242 | 0 | 242 | 242 |
| Aðrar tekjur | 33 | 31 | 64 | 64 |
| Tekjur samtals | 275 | 31 | 306 | 305 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | 325 | 22 | 347 | 299 |
| Óvenjulegir liðir | 3 | 1 | 4 | 3 |
| Rekstrarniðurstaða | (53) | 7 | (46) | 3 |
| Heildarskuldir, án skuldbindinga utan efnahagsr. | 499 | 199 | 698 | 685 |
| Eignir | 564 | 331 | 895 | |
| Eigið fé | 65 | 132 | 197 | |
| Skuldir | 499 | 199 | 698 | |
| **23. Aðrar lykiltölur** | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask. | 1,04 | 2,68 | 1,21 | |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 0,12 | 0,40 | 0,22 | |
| Handbært fé frá rekstri / afkoma | 0,04 | 0,84 | 0,25 | |

**24. Íbúafjöldi**

| | |
|---|---|
| Í ársbyrjun | 20.223 |
| Breyting á árinu | 452 |
| Í árslok | 20.675 |